

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III B og IV B við tollalög nr. 88/2005, með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollskrárnúmer</i>	<b>Vara</b>	<b>Tímabil</b>	<b>Vörumagn stk.</b>	<b>Verðtollur %</b>	<b>Magntollur kr./stk.</b>
0602.2000	Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt sem ber æta ávexti	01.01.-31.12.07	ótilgr.	30	0
0602.3000	Alparósir og glóðarrósir, einnig ágræddar	01.01.-31.12.07	ótilgr.	30	0
0602.4000	Rósir, einnig ágræddar	01.01.-31.12.07	ótilgr.	30	0
	<i>Annað:</i>				
0602.9030	Matjurta- og jarðarberjaplöntur	01.01.-31.12.07	ótilgr.	30	0
	<i>Annað: Útiplöntur: - Tré, runnar og búskar</i>				
0602.9041	Skógartré	01.01.-31.12.07	ótilgr.	30	0
	<i>Annað:</i>				
0602.9045	Græðlingar með rót og unglöntur	01.01.-31.12.07	ótilgr.	30	0
0602.9049	Annars	01.01.-31.12.07	ótilgr.	30	0
	<i>Aðrar útiplöntur:</i>				
0602.9051	Fjölærar jurtkenndar plöntur	01.01.-31.12.07	ótilgr.	30	0
	<i>Inniplöntur:</i>				
0602.9070	Græðlingar með rót og unglöntur ekki kaktusar og þykkblöðungar	01.01.-31.12.07	ótilgr.	30	0
	<i>Annað:</i>				
0602.9091	Kaktusar og þykkblöðungar	01.01.-31.12.07	ótilgr.	30	0
0602.9092	Pottaplöntur af ættkvíslinni Bromilea	01.01.-31.12.07	ótilgr.	30	0
0602.9093	Plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.01.-31.12.07	ótilgr.	30	0
0602.9094	Plöntur af ættkvíslum brönugrasa „orchids“	01.01.-31.12.07	ótilgr.	30	0
0602.9095	Aðrar pottaplöntur til og með 1 metri á hæð	01.01.-30.06.07	4.400	30	0
0602.9095	Aðrar pottaplöntur til og með 1 metri á hæð	01.07.-31.12.07	3.250	30	0
0602.9099	Annars (pottaplöntur yfir 1 metri á hæð)	01.01.-31.12.07	ótilgr.	30	0
	<i>Lifandi:</i>				
0603.1202	Innflutningur á öðrum tíma (nellikur)	01.05.-30.11.07	ótilgr.	15	48
0603.1300	Brönugrös (orchids)	01.01.-31.12.07	ótilgr.	30	0
0603.1400	Tryggðablóm (Chrysanthemums)	01.01.-30.06.07	8.750	30	0
0603.1400	Tryggðablóm (Chrysanthemums)	01.07.-31.12.07	6.250	30	0
0603.1901	Ættkvíslirnar Protea, Banksia, Leucadendron og Brunia	01.01.-31.12.07	ótilgr.	30	0
0603.1902	Afskornar greinar með berjum og ávöxtum, óættum af ættkvíslunum: Ligustrum, Callicarpa, Gossypium, Hypericum, Ilex og Symphoricarpos	01.01.-31.12.07	ótilgr.	30	0
0603.1903	Forsythia (páskagreinar)	01.01.-31.12.07	ótilgr.	30	0

<i>Tollskrárnúmer</i>	<b>Vara</b>	<b>Tímabil</b>	<b>Vörumagn stk.</b>	<b>Verðtollur %</b>	<b>Magntollur kr./stk.</b>
0603.1905	Innflutningur á öðrum tíma (lokaskegg, flamingóblóm, fuglamjólk og paradísar-fuglablóm)	01.05.-30.11.07	ótilgr.	15	48
0603.1909	Annars (afskorin blóm)	01.01.-30.06.07	166.250	30	0
0603.1909	Annars (afskorin blóm)	01.07.-31.12.07	118.750	30	0
	<i>Annað:</i>				
0604.9101	Jólatré, án rótar	01.01.-31.12.07	ótilgr.	30	0
0604.9102	Jólatrésgreinar	01.01.-31.12.07	ótilgr.	30	0
0604.9109	Annað	01.01.-31.12.07	ótilgr.	30	0
0604.9900	Annars	01.01.-31.12.07	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollskrárnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollskrárnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur samkvæmt útgefnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils.

### 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollskrárnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta. Verði umsóknir um tollkvóta í þeim tollskrárnúmerum þar sem magn er tilgreint meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Úthlutun skv. 1. mgr. er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 189/1990, um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum.

### 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 65. gr. og 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2007.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 11. desember 2006.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Atli Már Ingólfsson.*